

Fíkniefni, íslenskt samfélag og nýir kostir í stefnumótun

Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands

Útdráttur

Fíkniefnavandinn er af mörgum álitinn einn helsti vandi sem vestræn ríki glíma við í dag. Viðhorfsmælingar á Íslandi sýna að flestir telja neyslu fíkniefna alvarlegasta vandamál afbrota en samneyslu áfengis og fíkniefna mikilvægustu ástæðu þess að sumir leiðast út í afbrot. Neysla algengasta fíkniefnisins, kannabis, hefur reglulega verið mæld meðal grunnskólabarna hér á landi en neysla fullorðinna hefur minna verið könnuð. Lítið er því vitað um hvernig neysla sem hefst í grunnskóla þróast þegar kemur fram á fullorðinsár, hvort hún aukist, standi í stað eða minnki. Ekki er heldur mikið vitað um félagsleg einkenni þeirra sem misnota hörð fíkniefni á Íslandi. Í greininni er útbreiðsla kannabis skoðuð eins og hún er meðal fullorðinna á Íslandi. Hversu margir hafa prófað efnið á lífsleiðinni, hversu margir hafa neytt þess oftar en tíu sinnum og hversu margir á síðustu sex mánuðum fyrir mælinguna? Staða sprautufíkla er sérstaklega greind og hvaða félagslegu áhættuþættir koma þar við sögu. Mat almennings á alvarleika brota er kannað og ástæður þess að fólk leiðist út í afbrot eru einnig kannaðar. Helstu niðurstöður eru þær að heildarfjöldi þeirra sem einhvern tíma hefur prófað kannabis hefur aukist á síðustu árum en fjöldi þeirra sem nota efnið reglulega er óverulegur. Sprautufíklar standa margir hverjir höllum fæti í samfélaginu og eiga við margvíslegan vanda að stríða. Brýnt er að stefnumótun í fíkniefnamálum taki mið af ólíkum hliðum neyslunnar í samfélaginu um leið og úrræði fyrir langt leidda fíkla verði eflað í félags- og heilbrigðiskerfinu.

Efnisorð: Fíkniefni; kannabisneysla; sprautufíklar; opinber stefnumótun.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 9, Issue 2 (395-414)

© 2013 Contact: Helgi Gunnlaugsson, helgigun@hi.is

Article first published online Desember 19th 2013 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl., 9. árg. 2013 (395-414) (Fræðigreinar)

© 2013 Tengiliður: Helgi Gunnlaugsson, helgigun@hi.is

Vefbirting 19. desember 2013 – Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.7>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

Drugs, Icelandic society and new policy measures

Abstract

The drug problem is believed by many to be one of the most serious social problems in western societies. Public attitude surveys show that most believe drug use to be the most serious crime problem in Iceland and alcohol and drug use the most important cause why some people end up in crime. Cannabis use, the most frequent drug, has regularly been measured among students but studies among adults have been examined to a lesser extent. As a result, not much is known about how consumption starting among youth develops into adulthood, if it increases, stays the same or decreases. Furthermore, not much is known about social characteristics of those who abuse hard drugs in Icelandic society. In this article, cannabis use among adults in Iceland is examined. How many have ever tried cannabis during their lifetime, how many have used it more than ten times, and how many during the last six months before the survey took place? The position of injecting drug users is examined and what risk factors are associated with this use. Public perceptions of which crime type is most serious in society and why some people commit crimes is explored. The main findings show that the number of those who have ever used cannabis in Iceland has increased in the past few years but regular use of cannabis among adults is insignificant. Those who use hard drugs are in a weak social position and face various problems. A social policy sensitive to different levels of drug use in society is urgent in addition to strengthening social and health care measures to tackle the problem of hard drug users in society.

Keywords: Drugs; cannabis use; drug addicts; public policies.

1. Inngangur

„Fíkniefnavandamálið verður sífellt alvarlegra: Ungmenni láta lífið vegna fíkniefnaneyslu....Heróín komið á markaðinn – 4000 ungmenni komið við sögu í fíkniefnamálum“ (Morgunblaðið, 1979).

Ofangreind tilvitnun úr Morgunblaðinu lýsir ástandi sem óneitanlega er ófagurt. Umfjöllunin hefur vafalítið fengið lesendur til að hrökkva við yfir morgunverðarborðinu á þessum dimma föstudagsmorgni í desembermánuði árið 1979. Áberandi uppláttur á baksíðunni ásamt ítarlegri umfjöllun í miðopnu um fíkniefnavandann vitnaði um alvarleika málsins. Einungis var um áratugur síðan fíkniefna hafði fyrst orðið vart hér á landi. Sérstök fíkniefnalögregla hafði verið stofnsett (1971) undir formlegri yfirstjórn sjálfstæðs fíkniefnadómstóls (1973) sem sýndi að yfirvöld ætluðu sér að taka vandann föstum tókum (Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Samt var vandinn orðinn eins sláandi og lýst var í blaðinu þennan dag.

Sambærilegar fréttir af vaxandi fíkniefnavanda hafa oft birst í íslenskum fjölmiðlum á undanförunum árum. Meginstefin í uppslættinum hafa iðulega snúist um aukna neyslu ungmenna, stórfellda haldlagningu fíkniefna, fjöldahandtökur fyrir smygl og dreifingu og

lengri fangelsisrefsingar (sjá t.d. Gunnlaugsson og Galliher, 2010). Yfirlýsing um stigvaxandi vanda er því gamalkunnug og virðist ætíð hægt að staðfesta slíkt með dramatískum dæmum. Árið 1979 voru þó ekki til opinber gögn sem staðfestu dauðsföll ungmenna eða annarra vegna neyslu fíkniefna (Ómar H. Kristmundsson, 1985). Samt er ekki ólíklegt að einstaka dauðsföll á þeim tíma hafi óbeint mátt rekja til neyslu fíkniefna enda skilgreiningin teygjanleg. Heróín hefur stöku sinnum verið haldlagt í litlum skömmtum en efnið hefur aldrei náð að festa rætur hér á landi eins og fréttin fullyrti. Að 4000 ungmenni hafi komið við sögu fíkniefnamála árið 1979 hlýtur þó að hafa átt sér stöð í málaskrá lögreglunnar enda byggði umfjöllun Morgunblaðsins á viðtali við yfirmann fíkniefnalög-
reglunnar. Fjöldinn á skrá sýndi að fíkniefnalögreglan hafði ekki setið auðum höndum frá því sveitin hóf störf fáum árum áður.

Hversu margir hafa komið við sögu fíkniefnalögreglunnar frá 1979? Væntanlega nokkrir tugir þúsunda í ljósi þessarar fréttar því ekki hefur verið slegið slöku við á liðnum árum nema síður sé. Spurningin sem vaknar, er sú í hverju afskiptin felast og hvað gert er við upplýsingar af þessu tagi. Þetta er verðugt rannsóknarefni sem þó verður ekki kannað frekar hér.

Eru viðbrögð yfirvalda ýkt og fréttin úr Morgunblaðinu dæmigerð æsingaskrif? Er um ys og þys út af engu að ræða? Eða vitna viðbrögðin um raunverulega hættu sem ógnar þjóðinni? Goode og Ben-Yehuda (1994/2009) halda því fram að hættan vegna fíkniefna eigi það til að vera ýkt og henni megi líkja við siðfár (e. moral panic) meðan aðrir telja ríka ástæðu til að bregðast við vandanum af fullum þunga (McCaffrey, 1997). Út frá blaðaumfjölluninni frá 1979 má hugsanlega sjá merki um hvort tveggja. Vandinn er vafalítið til staðar eins og fram kemur í fréttinni en samt er ekki hægt að verjast þeirri tilhugsun að hann hafi verið málaður dekkri litum en ástæða var til á þeim tíma að minnsta kosti.

Goode og Ben-Yehuda (2009) álíta að skýringa á siðfári megi rekja til nokkurra ólíkra þátta. Margvíslegir hagsmunir valda- og fagstétta komi stundum við sögu og þeir eigi það til að ýkja vandann til að styrkja stöðu sína í samfélaginu. Fagstéttir greina frá að-
steðjandi vanda og eigna sér hann í krafti sérþekkingar og krefjast um leið aukinna fjár-
muna, meiri mannafla og víðtækari valdheimilda til að kljást við meinta ógn. Til að auka lestur og áhorf verða fjölmiðlar síðan vettvangur hagsmunahópa og annarra sem stundum veldur siðrænum usla í samfélaginu. Málefni, sem einkum eru fallin til að fjalla um á dramatískan hátt, verða fyrir valinu eins og fíkniefnabrot þar sem auðvelt er að benda á skúrka og fórnarlömb (Jewkes, 2011). Fyrir stjórnvöld geti fíkniefni aukinheldur þjónað sem heppilegur óvinur og þjappað þjóðinni saman á pólitískum óvissutímum og þannig styrkt stöðu valdahópa. Í þessi samhengi hafa norsku fræðimennirnir Nils Christie og Kettil Bruun (1996) skilgreint fíkniefni sem hinn fullkomna óvin þjóðfélags-
ins. Efnin eru áþreifanleg, geta verið hættuleg og auðvelt er að sameinast gegn þeim eins og málflutningur stjórnámálanna á þingi og í aðdraganda kosninga ber með sér. Átakið *Fíkniefnalaust Ísland* árið 2000 virðist skólabókardæmi af því tagi um viðleitni stjórnámála-
manna hér á landi (Forsætisráðuneytið, 1999). Á sama tíma dregur úr ábyrgð stjórnvalda á vandanum því rót hans liggur í neyslu framandi efna og ef þeim væri forðað frá þjóð-

inni væri okkur borgið, a.m.k. að einhverju leyti. Stjórnvöld fá því rós í hnappagatið frá kjósendum fyrir að hafa brugðist við vandanum af festu.

Að mati Goodes og Ben-Yehuda (2009) getur síðfár þó einnig átt uppruna sinn í grasrótinni sjálfri, meðal þjóðarinnar allrar, sem einhuga bregst við aðstedjandi vanda. Uppnámið þarf ekki endilega að koma frá valdastéttinni eða hagsmunagæslu hennar. Túlka má viðtalið í Morgunblaðinu sem ákveðin viðvörunarorð og ákall um viðtækari aðgerðir samfélagsins alls við nýrri vá. Á hinn bóginn verður því ekki neitað að fréttin er eingöngu byggð á viðtali við einn aðila málsins sem tengist málinu beint sem yfirmaður þeirrar deildar sem hefur málaflokkinn á sinni könnu.

Í greininni verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hversu útbreidd er neysla fíkniefna á Íslandi? Hefur neyslan aukist á síðustu árum? Er baráttunni gegn fíkniefnum eingöngu sinnt af yfirvöldum eða nýtur hún stuðnings þjóðarinnar allrar? Eru viðbrögð samfélagsins yfirdrifin og í litlu samhengi við hættuna af vandanum sjálfum? Í hverju felst stefnumótun samfélagsins í fíkniefnamálum og hvaða kostir eru í boði?

2. Umfang neyslu fíkniefna á Íslandi á síðastliðnum árum

Fjölmargar mælingar hafa verið gerðar á neyslu áfengis og annarra vímuefna á Íslandi á síðustu árum, sér í lagi á meðal ungmenna. Niðurstöður á Íslandi sýna að á síðustu árum 20. aldar hafi þróun kannabisneyslu, langalgengasta fíkniefnisins, ekki verið ólík mynstrinu annars staðar á Vesturlöndum, bæði hvað varðar upp- og niðursveiflur (Gunnlaugsson og Þórisdóttir, 1999). Útbreiðsla kannabis á meðal 15 ára ungmenna var þó heldur meiri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, að Danmörku undanskilinni þar sem hún var mest. Þannig sýndi fjölþjóðleg ESPAD mæling árið 1995 að um tíu prósent 10. bekkinga á Íslandi sögðust einhvern tíma hafa prófað kannabis, sex prósent í Svíþjóð og Noregi og fimm prósent í Finnlandi en 17 prósent í Danmörku (Hibell o.fl., 1997). Í evrópsku samhengi er útbreiðslan á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum þó talsvert undir meðaltali annarra Evrópuþjóða. Í síðustu ESPAD mælingunni árið 2011 kom til að mynda fram að um tíu prósent íslenskra ungmenna sögðust einhvern tíma hafa neytt kannabisefna en meðtalið í Evrópu var 17 prósent (Hibell o.fl., 2012). Samkvæmt mælingum á útbreiðslu kannabis meðal grunnskólabarna á Íslandi var hlutfall þeirra, sem einhvern tíma höfðu prófað efnið, því svipað árin 1995 og 2011. Er það sama uppi á teningnum þegar fullorðnir eiga í hlut?

Mælingar meðal fullorðinna hafa ekki verið eins algengar en sýna þó sama mynstur. Tæplega 20 prósent Íslendinga á aldrinum 18-74 ára sögðust einhvern tíma hafa prófað kannabis árið 1997, en sjö prósent í Finnlandi, átta prósent í Noregi, 11 prósent í Svíþjóð, en Danmörk var áfram hæst með 30 prósent. Þegar neysla kannabis var mæld síðustu sex mánuði fyrir mælinguna kom í ljós að útbreiðslan var alls staðar mjög svipuð eða innan við tvö prósent aðspurðra nema í Danmörku þar sem um fjögur prósent viðurkenndu neyslu efnanna síðustu sex mánuði. Neysla annarra ólöglegra fíkniefna en kannabiss var óveruleg samkvæmt mælingum á Norðurlöndum (Hakkarainen, Laursen og Tigerstedt, 1996; Gunnlaugsson, 1998).

Árið 2002 sögðust rúmlega 19 prósent Íslendinga á aldrinum 18-74 ára einhvern tíma

hafa prófað kannabis sem var svipað og árið 1997 þegar rúmlega 18 prósent sögðust hafa prófað efnið (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Árið 2002 sögðust flestir hafa prófað efnið einu sinni eða nokkrum sinnum en um sex prósent oftast en tíu sinnum. Einungis rúm tvö prósent, eða um 13 prósent þeirra sem einhvern tíma höfðu prófað efnið, sögðust hafa prófað það á síðustu sex mánuðum. Árið 1997 sögðust sömuleiðis fáir að þeir hefðu neytt efnisins á síðustu sex mánuðum, eða 1,6 prósent aðspurðra. Niðurstöðurnar bentu til að neysla efnisins hefði verið tímabundin og tilraunakennd hjá þorra fullorðinna neytenda. Í nýlegri könnun landlæknis kom fram að um þriðjungur Íslendinga á aldrinum 18-67 ára sagðist einhvern tíma hafa prófað kannabis á lífsleiðinni (Embætti landlæknis, 2013). Langstærstur hluti þeirra, eða 82 prósent, sögðust ekki hafa prófað efnið síðustu tólf mánuðina áður en könnunin var gerð. Neyslan virtist því tilraunakennd og tímabundin eins og fyrri mælingar höfðu sýnt. Aukningin á fjölda þeirra sem einhvern tíma hefur prófað kannabis, virðist þó talsverð frá 2002 þegar innan við 20 prósent sögðust hafa prófað efnið, sem óneitanlega kallar á skýringar og frekari mælingar.

3. Aðferðir og gögn


Í greininni er stuðst við bæði huglæg og hlutlæg gögn. Huglæg gögn vísa í upplifun og skilning borgaranna á fíkniefnavandanum eins og hann birtist í viðhorfsmælingum og umfjöllun fjölmiðla. Hlutlæg gögn vísa í áþreifanlegri mælikvarða eins og fjölda neytenda, einkenni og þróun neyslunnar, svo og félagslega stöðu neytenda. Gagna af þessu tagi var aflað með spurningakönnunum og skráðum upplýsingum yfir neytendur. Einkum var byggt á viðhorfsmælingum sem unnar voru í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Byggt var á úrtakskönnun allra borgara á aldrinum 18-74 ára og fóru viðtölin fram í síma. Svarhlutfallið var að jafnaði á bilinu 55-73 prósent og viðunandi samræmi náðist milli úrtaksins og þýðisins (Hagstofa Íslands, 2013). Mælingarnar voru framkvæmdar árin 1989, 1994, 1997, 2002, 2012 og 2013. Árið 2013 náði könnunin til 1.200 manns á aldrinum 18-74 ára sem hringt var í eftir tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og til 1.200 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar. Svarhlutfallið var lægra en áður eða 55 prósent og voru gögnin vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði. Varðandi spurningar um neyslu kannabisefna var gerður samanburður á útkomu nýjustu mælingarinnar árið 2013 og hún borin saman við eldri mælingar árin 1997 og 2002. Við mat almennings á alvarleika brota og ástæður þess að fólk leiðist út í afbrot var stuðst við fleiri mælingar. Jafnframt er vísað í innlendar og erlendar upplýsingar um málefnið úr öðrum heimildum og rannsóknunum.

4. Neysla fíkniefna mesta vandamálið

Viðhorfsmælingarnar sýna að neysla fíkniefna hefur yfirleitt verið álitin mesta afbrota-vandamálið hér á landi. Eina undantekningin er mælingin 2013 þegar aðeins fleiri svar-endur nefndu kynferðisbrot sem alvarlegasta vandamál afbrota. Líkt og mynd 1 sýnir er fjöldi þeirra, sem álitur fíkniefni mesta vandann, misstór eftir einstökum mælingum en í heildina álitur frá um þriðjungi þjóðarinnar til helmings hennar að neysla fíkniefna sé mesta vandamál afbrota á Íslandi. Svipaðar áhyggjur vegna fíkniefna hafa komið fram í


Bandaríkjunum. Árið 1989 töldu tæplega 70 prósent aðspurðra að neysla fíkniefna væri alvarlegasta vandamál sem Bandaríkin stæðu frammi fyrir það ár. Þetta sýnir að vandinn er ekki nýr (Goode og Ben-Yehuda, 1994).

Mynd 1. Hvaða afbrot telur þú vera mesta vandamálið hér á landi?



Á sama hátt álitur meirihluti íslensku þjóðarinnar að neysla áfengis- og fíkniefna sé helsta orsök afbrota á Íslandi. Eins og mynd 2 gefur til kynna telur rúmlega helmingur þjóðarinnar áfengis- og fíkniefnaneyslu helstu ástæðu þess að einstaklingar leiðast út í afbrot. Vafalítið tengist það því mati að mörg afbrot á borð við ofbeldi og auðgunarbrot eru oft framín í ölaði eða vegna vímuefnavanda. Neysla áfengis- og fíkniefna er því talin rót afbrotavandans.

Mynd 2. Hvert af eftirtöldu telur þú mikilvægustu ástæðu þess að fólk leiðist út í afbrot hér á landi?



Íslendingar álíta því neyslu fíkniefna alvarlegasta vanda afbrota um leið og þeir telja neyslu vímuefna helstu orsök afbrotavandans sem sýnir glögggt hversu alvarlegum augum þeir líta tilvist fíkniefna í samfélaginu. Jafnframt hefur komið fram að rúmur helmingur Íslendinga álítur neyslu fíkniefna stærra félagslegt vandamál en áfengisneyslu (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Í könnuninni á neyslu kannabisefna árið 2013 var jafnframt spurt um afstöðu svarenda til dóms sem féll í fíkniefnamáli árið 2010 (Nr. 64/2010) fyrir kannabisræktun: „29 ára karlmaður sem ekki hefur áður hlotið dóm er sekur um ræktun á 300 kannabisplöntum sem alls gefa af sér 19 kíló af kannabisefnum. Myndir þú segja að refsivist í 1 ár sé...“. Dómurinn hljómaði upp á eins árs fangelsisvist. Spurt var hvort dómurinn væri hæfilegur, of vægur eða of þungur. Niðurstöðurnar sýndu að 56 prósent svarenda töldu dóminn of vægan, 34 prósent töldu hann hæfilegan og 10 prósent of þungan. Þótt áhyggjur af fíkniefnum og vægum dómum fyrir brot af þessu tagi séu til staðar í öllum aldurshópum er áhugavert að sjá að eldri aldurshópar hafa meiri áhyggjur en þeir yngri.

Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum eru áhyggjur af fíkniefnum útbreiddar. Íslenskt samfélag virðist allt bregðast við með svipuðum hætti, hvort sem um almenning eða stjórnvöld er að ræða. Til frekari staðfestingar má benda á stuðning almennings við óhefðbundnar aðferðir lögreglu við rannsókn fíkniefnamála (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Stór meirihluti Íslendinga, eða um 74 prósent, áleit árið 1997 að lögregla ætti að hafa heimild til símhlerunar og yfir 60 prósent til herbergishlerunar. Jafnframt kom fram að yfir 80 prósent töldu að lögregla ætti að hafa heimild til húsleitar og naumur meirihluti vildi heimila lögreglu að kaupa upplýsingar við rannsókn fíkniefnamála.

Samanlagt sýna mælingarnar mikinn stuðning við auknar valdheimildir til handa lögreglu um leið og þær vitna um djúpstaðar áhyggjur þjóðarinnar allrar af útbreiðslu fíkniefna í samfélaginu. Erfiðara er að fullyrða hvort áhyggiurnar eru sjálfsprottnar eða afleiðing dramatískra fréttu af fíkniefnum. Vafalítið hefur almenn umfjöllun fjölmiðla, fagstétta og stjórnvalda þó einhver áhrif á það hvernig almenningur upplifir og skilur fíkniefnavandann. Í ljósi þess hve almenningur virðist andsnúinn fíkniefnum vaknar spurningin: Hversu útbreidd fíkniefni eru á Íslandi?


5. Þróun kannabisneyslu fullorðinna á Íslandi 1997-2013

Kannabisefni eru almennt talin vægasta ólöglega vímuefnið og það efni sem er langalgengast á markaðnum. Auk þess byrja langflestir að neyta kannabisefna áður en (ef) þeir fara í harðari efni (Golub og Johnson, 2002). Neysla kannabis gefur því ágæta mynd af því hversu margir hafa prófað ólögleg vímuefni í samfélaginu. Í nýjustu mælingunni 2013 var lögð fyrir könnun sem innihélt spurningar um neyslu kannabisefna meðal fullorðinna með sama hætti og áður hafði verið gert 1997 og 2002. Hér á eftir verður skoðað hver þróunin hefur verið á útbreiðslu kannabisefna eftir aldri og kyni út frá eldri mælingunum árin 1997 og 2002 í samanburði við nýju könnunina frá 2013. Hversu margir segjast einhvern tíma hafa prófað efnið? Hve margir hafa prófað efnið oftast en tíu sinnum? En síðustu sex mánuði fyrir mælinguna? Hefur aukning átt sér stað í neyslu kannabisefna meðal fullorðinna á þessu tímabili? Hvað virðist einna helst einkenna neyslu fullorðinna

á kannabisefnum? Er neyslan fyrst og fremst tilraunakennd, eins og áður hafði komið fram, eða finnast vísbendingar um fjölgun reglulegra neytenda?


Eins og fram kemur á mynd 3 hefur orðið aukning á fjölda þeirra sem segjast einhvern tíma hafa prófað kannabisefni á Íslandi. Tæplega fjórðungur aðspurðra sagðist árið 2013 einhvern tíma hafa prófað kannabis en hlutfallið var innan við 20 prósent 1997 og 2002. Það sama á við um þá sem prófað hafa efnið oftast en tíu sinnum, hlutfallið hefur aðeins farið upp milli þessara þriggja mælinga. Aftur á móti er ekki að merkja breytingar í fjölda þeirra sem segjast hafa prófað efnið síðustu sex mánuðina fyrir mælinguna. Aðeins 2,5 prósent, bæði árin 2002 og 2013, sögðust hafa neytt efnisins síðustu sex mánuðina fyrir mælingarnar.

Mynd 3. Hversu mörg prósent fullorðinna á Íslandi sögðust hafa prófað kannabis 1997, 2002 og 2013




Á mynd 4 kemur fram að kannabisneysla virðist algengari meðal karla en kvenna. Rétt innan við þrjátíu prósent karla sagðist einhvern tíma hafa prófað efnið árið 2013 en tæplega 20 prósent kvenna. Rúmlega helmingi fleiri karlar en konur sögðust hafa notað efnið tíu sinnum eða oftast og fjórum sinnum fleiri karlar en konur síðustu sex mánuði fyrir mælinguna. Hlutfallið er þó frekar lágt með fjögur prósent karla sem viðurkenna neyslu síðustu sex mánuði en aðeins eitt prósent kvenna.

Mynd 4. Hversu mörg prósent fullorðinna sögðust hafa prófað kannabis á Íslandi árið 2013 eftir kyni



Mynd 5. Hversu mörg prósent fullorðinna höfðu prófað kannabis á Íslandi árið 2013 eftir aldri



Á mynd 5 kemur fram dreifing á neyslu kannabisefna eftir aldri. Eins og glögglega kemur fram er neyslan meira bundin við yngri aldurshópa. Tæplega 40 prósent þeirra, sem eru á aldrinum 30-39 ára, sögðust einhvern tíma hafa prófað efnið og næst-hæst hlutfall var meðal þeirra á aldrinum 18-29 ára með þrjátíu prósent. Sama á við um þá sem prófað höfðu efnið tíu sinnum eða oftar, hlutfallið var hæst meðal þeirra sem voru 30-39 ára eða 16 prósent adspurðra. Aftur á móti þegar kemur að neyslu síðustu sex mánaða er hlutfallið hæst meðal yngsta aldurshópsins, eða þeirra sem eru á aldrinum 18-29 ára. Átta prósent þeirra sögðust hafa prófið efnið á þeim tíma en fimm prósent meðal 30-39 ára. Neysla meðal eldri aldurshópa var hverfandi.

Samanlagt sýna mælingarnar að heldur fleiri hafa prófað kannabisefni 2013 en 1997 og 2002. Um það bil fjórðungur Íslendinga á aldrinum 18-74 ára segist árið 2013 hafa prófað kannabis og er tíðnin hærrí meðal karla og yngra fólks en annarra. Innan við tíu prósent segjast hafa prófað efnið oftár en tíu sinnum sem bendir til vananeyslu, að minnsta kosti tímabundið. Á bilinu 2-3 prósent viðurkenna neyslu síðustu sex mánuði fyrir mælinguna sem hugsanlega bendir til virkrar neyslu í þessum hópi. Samkvæmt niðurstöðunum mætti því áætla að fjöldi virkra fullorðinna neytenda sé allt að tíu þúsund hér á landi árið 2013. Þessi hópur virðist ekki hafa stækkað mikið á rannsóknartímabilinu þó fleiri segist hafa prófað efnið en áður.

6. Félagsleg einkenni fíkniefnaneytenda og –neyslu þeirra

Í stórum dráttum benda niðurstöðurnar hér að ofan til þess að félagslegur veruleiki ólöglegrar fíkniefnaneyslu á Íslandi felist fyrst og fremst í tímabundinni tilrauna- eða félagsneyslu kannabisefna meðal yngri aldurshópa, sem síðan ljúki eða dragi mjög úr þegar kemur fram á fullorðinsár. Stór hluti ungs fólks virðist tilbúinn að prófa fíkniefni en mun færri verða reglulegir neytendur eða halda neyslunni áfram eftir því sem á ævina líður. Þó ber að hafa í huga að skaðsemi kannabisefna eykst eftir því sem neytendur eru yngri (Johns, 2001) og ýmislegt bendir til að styrkleiki kannabisefna á markaði hafi aukist á síðustu áratugum (Ashton, 2001).

Bandaríski félagsfræðingurinn Erich Goode (2012) hefur skipt neyslu fíkniefna í samfélaginu í tvennt. Í stærri hópnum er um tilrauna- og hópneyslu að ræða. Ýmis efni eru prófuð, sér í lagi kannabisefni, og finnst neysla af þessu tagi í öllum þjóðfélags- hópum, en þó einna helst meðal yngra fólks. Tilgangur neyslunnar er svipaður þeim sem menn sækjast eftir þegar þeir nota áfengi, að komast í vímu. Ástæður eru ýmsar eins og nýjungagirni, forvitni, áhrif frá jafningjahópi og spennu, því að hér er um bönnuð efni að ræða. Neyslunni fylgir oft tiltekin menning, t.d. fata-, hárf- eða tónlistartíska, sem á það til að setja neyslu efnanna í jákvætt samhengi.

Einhver hluti hópsins, sem prófar og notar kannabisefni, leiðist út í misnotkun ýmissa efna, ekki síst áfengis. Mun fleiri taka þó upp hefðbundnari og viðurkenndari lífsmáta eftir því sem ábyrgðin eykst í lífinu varðandi bæði stofnun fjölskyldu og starfsframa (sjá t.d. Helgi Gunnlaugsson, 2008 og Kandel, 1993). Fyrir þorra þeirra sem prófa kannabis virðist því neyslan tilraunakennd og tímabundin, þ.e. fikt sem leiðir ekki til fíknar. Þessi hópur þarf heldur ekki á aðstoð heilbrigðiskerfis eða annarra stofnana að halda vegna neyslunnar. Afskipti lögreglu af neytendum eru talsverð eins og fram kom í umfjöllun Morgunblaðsins hér að framan. Margir lenda á skrá lögreglunnar hér á landi fyrir vörslu og meðferð fíkniefna mestmegnis kannabisefna. Samkvæmt afbrotatölfræði ríkislög- reglustjóra fyrir árið 2011 var fjöldi brota, er varðaði vörslu og meðferð fíkniefna, yfir tólf hundruð talsins það ár (Ríkislög- reglustjórnin, 2012). Spurningin er hvort afskipti lögreglu af þessu tagi geti verið afdrifarík fyrir hina brotlegu þegar kemur til að mynda að starfsframa. En þetta er bara annar hluti hópsins sem prófar fíkniefni samkvæmt Goode (2012) og ekki sá alvarlegasti.

Hinn hópurinn er fámennari en felur í sér mun stærri vanda fyrir einstaklingana og

samfélagið að mati Goode (2012). Fíkt og neysla fíkniefna getur verið varasöm eins og dæmin sanna, einhverjir sitja eftir og misnota fíkniefni. Við vitum að fíkn fer ekki í manngreinarálit en rannsóknir sýna eigi að síður ákveðið félagslegt mynstur. Hér erum við í megindráttum, en alls ekki eingöngu, að vísa í neyslu jadarrópa sem orðið hafa undir í lífinu einhverra hluta vegna. Erlendar rannsóknir hafa ítrekað sýnt að neysla fíkniefna er þrálátust meðal bágstaddari hópa, þeir sökkva dýpst í fen harðra fíkniefna (Curry, 1994). Þar er verslað með efnin, þeirra leitað og neytt. Ýmis ráð, bæði lögleg og ólögleg eru notuð til að komast á sinn hátt í gegnum táradal vonbrigða og örvæntingar. Handtökuskýrslur fíkniefnalögreglu, bæði hér á landi og erlendis, hafa dregið upp þessa mynd með skýrum hætti. Stærstur hluti handtekinna er ýmist atvinnulaus eða ófaglærður og í mun ríkari mæli en gengur og gerist um fólk almennt í samfélaginu. Nær helmingur þeirra sem íslenska fíkniefnalögreglan handtók á síðari hluta 20. aldar vegna fíkniefna sagðist vera atvinnulaus á sama tíma og atvinnuleysið í landinu var aðeins örfá prósent (Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Hvernig er staðan í dag? Hverjir verða verst úti í neyslu harðra fíkniefna á Íslandi?

7. Félagsleg einkenni sprautufíkla á Íslandi

Sprautufíklar endurspeglar vafalítið þá sem sökkva hvað dýpst í fen harðra fíkniefna. Hver er félagsleg staða þeirra? Samkvæmt ársskýrslu SÁÁ fyrir árið 2010 var fjöldi sprautufíkla áætlaður alls í kringum 700 hér á landi (Ársrit Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), (2010). Í óbirtri B.A. rannsókn í félagsfræði við Háskóla Íslands, sem Birta Aradóttir (2013) gerði undir handleiðslu höfundar á sprautufíklum, komu margvíslegar upplýsingar fram sem staðfesta bága stöðu þessa hóps í samfélaginu. Gögnin byggðu á ASI-viðtölum (e. Addiction Severity Index) sem gerð eru við innritun sjúklinga á meðferðarstöðina Vog. Úrtakið sem sérstaklega var skoðað í rannsókninni samanstóð af samtals 189 sprautufíklum sem innritaðir voru árið 2008, þar af voru 56 konur.

Tæplega helmingur sprautufíklanna greindi frá 75 prósent örorku og takmarkaðri reynslu af vinnumarkaði. Formleg menntun var almennt lítil og meirihlutinn hafði aðeins lokið grunnskólaprófi. Mun fleiri sprautufíklar tengdust afbrotum en aðrir sjúklingar SÁÁ. Um 60 prósent þeirra höfðu ýmist verið handteknir eða ákærðir fyrir vímuefnabrot en hlutfallið var hins vegar um fjórðungur hjá öðrum sjúklingum. Þriðjungur sprautufíklanna hafði verið handtekin eða ákærður fyrir búðarhnutpl, skjalafals eða ofbeldisbrot af einhverju tagi. Rúmur helmingur hópsins hafði mælst með lifrabólguþýkingu og þrír með HIV. Langflestir þjást af andlegum veikindum, þunglyndi, kvíða eða spennu. Yfir 70 prósent sprautufíklanna höfðu glímt við sjálfsvígshugsanir og helmingur reynt sjálfsvíg. Athyglisvert er að langflestar kvennanna höfðu upplifað andlegt og líkamlegt ofbeldi á ævinni og um 75 prósent þeirra kynferðislegt ofbeldi.

Þótt niðurstöðurnar eigi ekki endilega við um alla sprautufíkla er eigi að síður ljóst að margir sprautufíklar eiga við djúpstæðan vanda að stríða. Vandinn er bæði félagslegur og efnahagslegur en ekki síður tengdur heilbrigði og heilsu. Spurningin er hvernig samfélagið hefur brugðist við vandanum og hvernig samfélagið á að bregðast við.

8. Viðbrögð samfélagsins við fíkniefnavandanum

Í grófum dráttum má skipta aðgerðum stjórnvalda við fíkniefnavandanum í tvennt. Í fyrsta lagi eru margvíslegar mjúkar aðgerðir í gangi. Forvarnir í skólum, upplýsingagjöf og fræðsla, sér í lagi meðal ungmenna. Margir faghópar koma við sögu og mikill stuðningur er við aðgerðir af þessu tagi í samfélaginu (sjá t.d. Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, 2001). Í öðru lagi eru harðari aðgerðir réttarvörslukerfisins sem stundum hljóta að teljast vera á mörkum friðhelgi einkalífs borgaranna (Gunnlaugsson og Gallihér, 2000). Í framhaldi má greina ólík sjónarmið í samfélaginu, þ.e. hvort stefnumótun í vímuefnamálum eigi að hafa hamlandi (e. restrictive/use reduction) eða skaðaminnkandi áhrif (e. harm reduction) (Jónas Orri Jónasson, 2011). Hamlandi stefna gerir ráð fyrir að árangursríkast sé að beita hörðum refsingum fyrir fíkniefnabrot, eins og vörslu, neyslu, dreifingu og framleiðslu (Mendes og McDonald, 2001). Ef heildarneysla er minni og færri prófa fíkniefni, sérstaklega unglingar, beri það vitni um jákvæðan árangur stefnunnar (Hallam, 2010). Gagnrýnendur benda á að stefna af þessu tagi geti ýtt undir útskýfun fíkniefnaneytenda og þannig aukið á vanda þeirra. Fangelsin yfirfyllost af fíkniföngum, heilsu fíkla sé stefnt í voða og dánartíðni meðal þeirra hækki (McBride o.fl., 2009). Skaðaminnkandi stefna leggur megináherslu á að beita heilbrigðiskerfinu til þess að draga úr þeim skaða sem neysla fíkniefna hefur í för með sér. Stefnt er að því að lækka dánartölu fíkla, draga úr smiti og almennt bæta heilsu þeirra (Hughes og Stevens, 2007). Gagnrýnendur stefnunnar telja hana merki um uppgjöf stjórnvalda og hálfgerðan dulbúning fyrir lögleiðingu fíkniefna (McBride o.fl., 2009).

Víðast hvar á Vesturlöndum er hamlandi stefnu framfylgt. Innflutningur, framleiðsla, varsla, meðferð, dreifing og sala fíkniefna er refsiverð háttsemi. Stjórnvöld álíta að ekki sé unnt að leyfa eða láta fíkniefni afskiptalaus í samfélaginu. Skaðsemi fíkniefna ógni heilsu borgaranna og feli í sér almannahættu. Réttur einstaklingsins til að velja sér sjálfur vímuefni á frjálsum markaði vegur því minna en skylda samfélagsins til að vernda almannahag með hörðum aðgerðum eins og fíkniefnabanni.

Fíkniefnabrot eru jafnan skilgreind sem afbrot án þolanda (e. victimless crimes) í afbrotufræðinni (Meier og Geis, 1997) enda kæra hvorki seljendur né neytendur fíkniefnabrot til lögreglu. Lögreglan verður því að sýna frumkvæði í störfum sínum við að upplýsa fíkniefnamál. Meðal aðferða, sem lögreglan beitir, er margvíslegt eftirlit við hafnir og landamæri oft með aðstoð hunda, húsleitir og símhleranir. Eins og áður kom fram hefur mælst mikill stuðningur almennings hér á landi við beitingu valdheimilda af þessu tagi. Sérhæfðum fíkniefnalögreglumönnum hefur fjölgað og samstarf ólíkra opinberra aðila, eins og lögreglu og tollyfirvalda, orðið markvissara en áður. Alþingi hefur hert refsingar og hámarksrefsing var aukin úr tíu árum í tólf árið 2001. Dómar hafa sömuleiðis þungst eftir því sem fíkniefnamálin hafa orðið stórfelldari. Um það bil þriðjungur fanga á Íslandi situr inni fyrir fíkniefnatengd brot (framleiðslu, innflutning, og dreifingu), en hlutfallið var innan við 10 prósent fyrir aðeins 20 árum síðan (Gunnlaugsson, 2011). Þessar tölur segja sitt; en þó ekki alla söguna. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar (2007) koma fíkniefni við sögu í fleiri brotum, t.d. auðgunar- og ofbeldisbrotum. Neysla fíkniefna er iðulega fjármögnuð með ólöglegum hætti m.a. þjófnaði, svikum eða sölu

efna og dæmi sem tekin eru af rannsóknnum erlendis frá, sýna þessi tengsl. Þótt hlutfall fíkniefnafanga sé hátt hér á landi og hafi vaxið mjög á síðustu árum er samt ljóst að vandinn er mun umfangsmeiri en fjöldi þeirra, sem situr inni fyrir fíkniefnabrot, gefur til kynna.

9. Hver er árangurinn af baráttu samfélagsins við fíkniefnin?

Viðhorfsmælingarnar sem hérna er greint frá, sýna mikla andstöðu þjóðarinnar og stjórnvalda gegn fíkniefnum. Andstaðan hefur vafalítið haldið aftur af neyslu fíkniefna í samfélaginu. Mikil andstaða hefur til að mynda komið fram við því að leyfa kannabisefni hér á landi (Hugrún J. Halldórsdóttir, 2013). Samkvæmt mælingum er neysla fíkniefna óveruleg í samfélaginu öllu og regluleg neysla og misnotkun finnst einungis meðal afmarkaðra hópa. Mjög líklegt er að neikvæð viðhorf bæði almennings og stjórnvalda til fíkniefna eigi stóran þátt í því hve lítil fíkniefnaneysla er í samfélaginu þrátt fyrir allt. Ekki er ósennilegt að hamlandi stefna, sem framfylgt hefur verið á Íslandi, eigi einhvern þátt í því að sporna gegn heildarumfangi neyslu fíkniefna í samfélaginu.

Hvers vegna er andstaðan við fíkniefni svona mikil? Fíkniefni eru óneitanlega vara-söm en ekki endilega skaðlegri en þau efni sem þegar eru aðgengileg í dag á frjálsum markaði á Vesturlöndum (Zilney, 2011). Efnin eru tiltölulega ný í okkar heimshluta og lítil hefð er fyrir neyslu þeirra. Fíkniefni urðu ekki almenn á Vesturlöndum fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar en áfengi og tóbak eiga sér á hinn bóginn mun lengri sögu. Öttinn við fíkniefni er jafnvel enn meiri hér á landi en víða annars staðar. Ísland er eyja fjarri öðrum löndum, samfélagið fámennt og frekar einsleitt og hart er brugðist við utanaðkomandi hættu. Langflestir sem prófa fíkniefni koma úr yngri aldurshópum en það ýtir undir áhyggjur samfélagsins og dregur vafalítið úr umburðarlyndi hinna eldri gagnvart fíkniefnaneyslu. Niðurstöðurnar sýna þó að langflestir hætta neyslunni þegar kemur fram á fullorðinsár.

Ákveðinn hópur situr eftir í neyslu harðra fíkniefna og ljóst er að vandi hans er mikill. Ekki þarf að koma á óvart að almenningur og stjórnvöld hafi áhyggjur af því að vandinn vaxi og verði illviðráðanlegur. Þótt fíkniefnaneysla sé ekki almenn í samfélaginu virðist fullt tilefni til markvissra aðgerða í málefnum verst settu hópanna. Hvernig á samfélagið að bregðast við?

10. Kostir í stefnumótun

Sumir álíta farsælast að leyfa einfaldlega fíkniefni og setja þau á frjálstan markað (Husak, 2002). Stríðið er tapað, fíkniefni víða aðgengileg þrátt fyrir bannið og rétt eins og með áfengisbannið væri eðlilegast að viðurkenna uppgjöfina og takast á við vandann með nýjum hætti, jafnvel óheftu markaðsfrelsi. Borið hefur á undanhaldi lögjafarinnar í þessa átt á síðustu árum í Vestur-Evrópu og kannabisneysla til eigin nota sums staðar verið afglæpuð eða gerð refsilaus (e. decriminalized). Sammerkt með þróuninni í átt til afglæpunar er að almennt er dregið úr beitingu refsíúrræða gagnvart neytendum og þær miðast í mesta lagi við sektargreiðslur eða aðvaranir en leiða ekki til ákæru eða skráningar á sakaskrá. Í Bandaríkjunum afglæpuðu 11 fylki vörslu á marijúana til einkanota á átt-

unda áratug 20. aldar. Athyglisvert er að breytingin leiddi ekki til aukinnar neyslu efnisins (Dichiara og Galliher, 1994; Johnston o.fl., 1981) og 2012 lögleiddu tvö fylki efníð. Sumar þjóðir hafa gengið enn lengra eins og Portúgal þar sem varsla og neysla allra fíkniefna var gerð refsilaus árið 2001 (Greenwald, 2009). Neysla fíkniefna hefur lengi mælst lægri í Portúgal en í öðrum löndum og breytingin á löggjöfinni virðist ekki hafa breytt þeirri mynd (EMCDDA, 2013). Varsla og neysla kannabis hefur verið leyfð á kaffihúsum í Hollandi með tilteknum skilyrðum og lengi hefur verið litið fram hjá neyslu efnanna í sumum löndum Suður-Evrópu. Rannsóknir sýna að fjöldi þeirra sem einhvern tíma hefur prófað kannabis er hlutfallslega hár meðal grunnskólabarna í Hollandi (ESPAD, 2011) en neysla sterkari efna er í meðaltali. Stefna Hollendinga er óeitanlega umdeild fyrir frjálshynda (Boekhout von Solinge, 1999) en sumir fræðimenn telja árangur þeirra í baráttunni við langt leidda fíkla eftirtektarverðan (Schatz, Schiffer og Kools, 2011). Víðtæk meðferðarúræði eru í boði fyrir fíkla, athvörf og heilsugæsla aðgengileg með hreinum nálum og sprautum. Dánartala af völdum fíkniefnaneyslu sé lág og fíklar sjáist varla á götum úti.

Líklegt má telja að Ísland muni fylgja alþjóðlegri þróun þegar kemur að viðbrögðum við fíkniefnavandanum. Ef almennt verður dregið úr hörðum aðgerðum lögreglu gagnvart neytendum fíkniefna eða meðferð og sölu þeirra er sennilegt að Ísland muni smám saman fylgja í kjölfarið. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er neysla kannabisefna í heildina tilraunakennd og tímabundin og bein afskipti lögreglu af neytendum geta því verið tvíþent. Að vera á skrá lögreglu fyrir vörslu fíkniefna styrkir varla stöðu nokkurs manns í samfélaginu. Skráning af því tagi getur jafnvel stuðlað að brennimerkingu viðkomandi manna og hugsanlega dregið úr framavonum þeirra þegar kemur að atvinnuleit síðar á lífsleiðinni. Afskipti lögreglu ættu ef til vill frekar að miðast við þá sem sýnilega eru í vanda vegna neyslunnar. Aðgerðir yfirvalda eru þó tákngervingur andstöðunnar í samfélaginu við fíkniefni og eiga væntanlega sinn þátt í að draga úr útbreiðslu efnanna. Líklegt má telja að ríkjandi neyslumynstur tilraunamennsku og tímabundinnar notkunar fíkniefna meðal ungmenna myndi breytast við aukið markaðsfrelsi í sölu og meðferð fíkniefna í samfélaginu.

Aukinni markaðsvæðingu og einstaklingshyggju hefur vaxið ásmegin í málefnum neytenda á síðustu áratugum á Vesturlöndum á meðan sjónarmið um almannaheill (e. public good) hafa breyst og jafnvel veikst (Sulkunen, 2009). Aðgengi að áfengi var lengi takmarkað hér á landi til að koma í veg fyrir misnotkun áfengis og tryggja á þann hátt almenna velferð borgaranna. Opnun samfélagsins og aukið markaðsfrelsi hafa grafið undan viðleitni af þessu tagi og aðgengi að áfengi hefur stóruaust á Íslandi á síðustu árum (Gunnlaugsson, 2012).

Athyglisvert er að aukinnar markaðsvæðingar hefur ekki gætt eins mikið á Vesturlöndum þegar kemur að fíkniefnum þó merki um þíðu gagnvart neytendum hafi gert vart við sig. Þótt fíkniefnalöggjöfin eigi vafalítið eftir að færast í frjálshynda í framtíðinni er þó vert að staldra örlítið við. Lögleiðing fíkniefna með auknu markaðsfrelsi mun ekki leysa vandann frekar en refsilöggjöfin. Jafnvel þótt fíkniefni virðist nú aðgengileg öllum, sem áhuga hafa, myndi neytendahópurinn vafalítið stækka og kostnaður samfélagsins aukast við lögleiðingu fíkniefna. Jafnframt verður að teljast líklegt að aukið markaðsfrelsi

myndi leiða til þess að vandi vegna neyslunnar þróaðist á sama hátt og áfengisvandinn hefur gert á undanförunum áratugum. Neyslan, sem í dag einkennist fyrst og fremst af tilrauna- og hópneyslu meðal yngri aldurshópa, myndi að öllum líkindum halda áfram og vaxa fram á fullorðinsár en hún er hins vegar óveruleg í dag. Áhyggjur af þróun af þessu tagi útiloka þó ekki að nýjar áherslur verði teknar upp til að takast á við vímuefnavandann. Fylgifiskar bannsins, sem birtast m.a. í því að langt leiddir fíklar þurfa að leynast í skúmaskotum samfélagsins á valdi undirheimanna án nokkurrar neytendaverndar, kallar óþyrmilega á nýjar leiðir og aðra nálgun. Afglæpun á neyslu fíkniefna gæti komið hér inn sem mögulegur kostur. Markaðsvæðing efnanna hefur ekki fylgt afgangnum þar sem hún hefur verið innleidd enda felur afgangur ekki í sér lögleiðingu fíkniefna. Ekki er ólíklegt að óverulegar breytingar á neyslu við afgangnum megi rekja til þess að efnin hafi ekki verið gerð að markaðsvörum.

Til að taka á vanda þeirra sem sitja eftir í neyslu harðra fíkniefna, þeirra sem verða sjálfum sér og samfélaginu öllu til mikils tjóns, verður að koma til markvissrar pólitískrar stefnumótunar sem tekur á grunnvanda jaðarhópanna. Þar er neyslan mest, alþjóðlegar rannsóknir sýna samhengið svo ekki verður um villst (Smart og Murray, 1985). Margir telja fíkniefnaneysluna orsök vítahringsins sem fíklarnir eru fastir í og ef efnin væru tekin burt snerist dæmið algerlega við. Sambandið er þó ekki svo einfalt. Það gerist ef til vill hjá fámennum hópi sem hefur félagslegan stuðning, t.d. frá fjölskyldu. En þar sem fjölskyldutengsl eru meira eða minna rofin, óregla og vesöld ríkjandi, skólagaanga í molum og jafnvel slóð afbrota og ofbeldis, er ekki hægt að reida sig á slíkan stuðning. Misnotkun harðra fíkniefna er ídulega fylgifiskur félagslegra tapara eins og fram kom í rannsókn Birtu Aradóttur (2013). Þótt neyslan geri vandann erfiðari viðureignar er hún samt sem áður ekki orsök hans, nema að hluta til. Styrkja verður hið félagslega öryggisnet, koma verður til móts við jaðarhópana með margvíslegum úrbótum í húsnæðis- og menntamálum í tengslum við starfsþjálfun og atvinnutækifæri. Meðferðarleiðin verður jafnframt að vera opin og greið þar sem tekið er á vanda þeirra sem djúpt eru sokknir í vímunu. Þetta verður að gera á heilbrigðisgrundvelli í stað þess að láta þá fela sig í undirheimum samfélagsins.

Aðgerðir af þessu tagi fela óneitanlega í sér kostnað fyrir samfélagið sem ekki er alltaf til vinsælda fallið meðal borgaranna, þ.e. að deila út takmörkuðu skattfé með þessum hætti. Á móti má nefna að það er líka dýrt að framfylgja ríkjandi refsipólitík þar sem fíklar fela sig í jöðrum samfélagsins með tilheyrandi ofbeldi og auðgunarbrotum. Brýnt er að takast á við rót vandans í stað þess að einblína á afleiðingar hans, neyslu fíkniefnanna. Mikilvægt er að skoða aðstæður langt leiddra fíkla. Ekki líta á þá sem annars flokks borgara eins og niðrandi orðræða gefur stundum til kynna sbr. orð eins og „fíkniefnagreni“. Hér er að mörgu leyti um verst setta sjúklingahópin í samfélaginu að ræða með fjölþættan vanda á bakinu sem verður að mæta með margvíslegum hætti.

Hugmyndafræði skaðaminnkunar (e. harm reduction) hefur verið reynd víða m.a. hér á landi (Rauði krossinn, 2013). Skaðaminnkun miðar fyrst og fremst að því að sporna við neikvæðum afleiðingum vímuefnafíknar. Gerð er áætlun um hættulausa notkun vímuefna án þess að gera kröfu um bindindi. Boðið er upp á ýmis úrræði einsog hreinar

nálar, neyslurými og viðhaldsmeðferð. Skaðaminnkun veitir nálægð við fikla og kemur á samstarfi sem hægt er að nýta til að vinna bug á vanda þeirra. Kostnaður samfélagsins vegna lifrabólgu, HIV smits og annarra tengdra sjúkdóma er verulegur fyrir utan það tjón sem einstaklingurinn veldur sjálfum sér og öðrum vegna vímuefnafíknarinnar. Skaðaminnkun er raunsæ leið til að draga úr hættu af því tagi og full ástæða er til að efla hana í tengslum við stefnumörkun í málefnum vímuefna og vímuefnaneytenda.

11. Samantekt og lokaorð

Hér að framan hefur verið greint frá viðbrögðum Íslendinga við fíkniefnum í samfélaginu og umfangi neyslunnar á algengasta efninu, kannabis, meðal þjóðarinnar. Íslensk stjórnvöld brugðust hart við tilkomu fíkniefna kringum 1970 með stofnun sérstakrar fíkniefnalögreglu og sjálfstæðs fíkniefnadómstóls í byrjun áttunda áratugar 20. aldar. Ýmis rök voru færð fyrir því í greininni að almenningur hafi deilt áhyggjum yfirvalda af innreið fíkniefna í íslenskt samfélag. Í nær öllum viðhorfsmælingunum, sem teknar voru til skoðunar, kom fram að Íslendingar álíta neyslu fíkniefna mesta vandamál afbrota hér á landi. Að minnsta kosti þriðjungur þjóðarinnar var þeirrar skoðunar í öllum könnunum og yfir helmingur í einni þeirra. Áfengis- og fíkniefnaneysla var auk þess talin helsta ástæða þess að fólk brýtur af sér. Því er kannski ekki að undra að Íslendingar telji neyslu fíkniefna mesta vandamálið þar sem áfengi og fíkniefni eru einnig talin helsta orsök afbrota. Jafnframt kom fram að almenningur hefur ríka tilhneigingu til að styðja rýmkæðar valdheimildir lögreglu til að stemma stigu við fíkniefnavandanum. Óhefðbundnar aðgerðir eins og heimild lögreglu til húsleitar, símhlerunar og til kaupa á upplýsingum við rannsóknna fíkniefnamála hafa allar fengið stuðning svarenda í viðhorfsmælingum. Andstaða við lögleiðingu kannabis hefur sömuleiðis sýnt sig að vera mikil.

Ekki þarf að koma á óvart að útbreiðsla kannabisefna mældist frekar lítil í samfélaginu. Neyslan er einkum bundin við yngri aldurshópa sem væntanlega skýrir áhyggjur Íslendinga en mældist hverfandi meðal eldri aldurshópa. Um það bil fjórðungur þjóðarinnar sagðist einhvern tíma hafa prófað kannabisefni en innan við tíu prósent oftast en tíu sinnum og tæplega þrjú prósent síðustu sex mánuðina fyrir mælinguna. Stór hluti ungs fólks virðist tilbúinn að prófa kannabisefni en neyslan í heildina er tilraunakennd og tímabundin. Flestir hætta neyslunni þegar líður á ævina. Líklegt má þó telja að tölurnar vanmeti neysluna í samfélaginu. Ekki er víst að allir viðurkenni neyslu fíkniefna í mælingum af þessu tagi og hugsanlega er brottfall svarenda meira meðal þeirra sem eiga í vímuefnavanda en annarra. Spurningakannanir hafa þó sannað gildi sitt í rannsóknnum á útbreiðslu fíkniefna í samfélaginu (Partanen og Metso, 1998).

Talsvert fleiri eða um þriðjungur sögðust einhvern tíma hafa prófað kannabisefni í könnun landlæknis (Embætti landlæknis, 2013) en aðeins um fjórðungur í mælingunni sem greint er frá hér. Líklegt er að rekja megi muninn til ólíkra aðferða við öflun gagnanna. Í könnun landlæknis var um sérstaka vímuefnamælingu að ræða með spurningalista sem sendur var heim til svarenda en hér var stuðst við síma og netpanel og spurt um ýmislegt fleira en neyslu fíkniefna. Úrtakið hjá landlækni náði aðeins yfir svarendur á aldrinum 18-67 ára í stað 18-74 ára eins og hér. Neyslan mældist fyrst og fremst meðal

yngrri aldurshópa sem hugsanlega skýrir hærri neyslutölur í könnun landlæknis. Niðurstöðurnar eru þó að mörgu leyti mjög svipaðar. Neyslan er tilraunakennd og tímabundin hjá langflestum og einkum bundin við yngri aldurshópa í báðum könnunum. Tölur um fíkniefnaakstur sýna þó mikla aukningu á síðustu árum sem gefur til kynna talsverða neyslu fíkniefna í samfélaginu (67 prósent fleiri teknir fyrir fíkniefnaakstur, 2013).

Eru viðbrögð yfirvalda og almennings ýkt og í litlu samhengi við umfang og alvarleika vandans? Í fljótu bragði mætti ætla að svo væri. Neysla fíkniefna er ekki útbreidd í samfélaginu en viðbrögð stjórnvalda, almennings og fjölmiðla eru afgerandi og hörð. Leiða má líkur að því að einmitt þessi hörðu viðbrögð hafi haldið aftur af neyslu fíkniefna í samfélaginu. Andstaðan við fíkniefni er ekki eingöngu bundin við stjórnvöld heldur nær hún einnig til grasrótarinnar í samfélaginu. Hvort dramatískur fréttaflutningur af skaðsemi fíkniefna hafi mótað afstöðu þjóðarinnar til fíkniefna er erfiðara að fullyrða um. Væntanlega hefur umfjöllun fjölmiðla þó áhrif á afstöðu fólks sem hefur engar aðrar upplýsingar um fíkniefni eða neyslu þeirra en þá sem kemur frá stjórnvöldum eða fjölmiðlum. Hvort sem viðbrögðin lýsa síðfári eða ekki hafa þau að öllum líkindum dregið úr útbreiðslu fíkniefna í samfélaginu.

Þrátt fyrir að ólögleg fíkniefni hafi ekki náð almennri útbreiðslu í íslensku samfélagi hafa fíkniefni hvarvetna fest sig í sessi á Vesturlöndum. Stjórnvöldum hefur enn ekki tekist að koma í veg fyrir neyslu þeirra þrátt fyrir umfangsmiklar aðgerðir. Rannsóknir, bæði hér á landi og erlendis, sýna að þeir sem hafa áhuga á að nálgast þessi efni geta gert það án mikilla vandkvæða (Hibell et. al., 2012). Fræðsla hlýtur því að vera mikilvæg þar sem efnunum og verkan þeirra er lýst á yfirvegaðan og fordómalausán hátt og mið tekið af öllum ávana- og vímuefnum, ekki síst tóbaki og áfengi. Miklu skiptir að viðhalda þeim árangri sem haldið hefur heildarneyslu fíkniefna í skefjum og brýnast að halda ávana- og vímuefnum frá börnum og ungmennum.

Ljóst er að engin töfralausn finnst á fíkniefnavandanum. Almennt verða stjórnvöld að setja sér raunhæf markmið og leitast við að draga úr þeim skaða sem ávana- og fíkniefni valda; án þess þó að valda neytendum þeirra meira tjóni en skaðsemi efnanna gefur tilefni til. Íhuga ber hvort afglæpun (e. decriminalization) á neyslu fíkniefna, sér í lagi kannabisefna, komi til greina. Afglæpun á vörslu og meðferð fíkniefna hefur ekki leitt til aukinnar neyslu þar sem hún hefur verið reynd eins og fram kom hér að framan. Neytendum er forðað frá því að lenda í klóm réttvísinnar og stjórnvöld geta beint sjónum sínum í ríkari mæli að harðari efnunum og sölu þeirra. Þröng skilyrði verða þó að fylgja afglæpun og markaðsvæðingu efnanna ber að forðast sem að öllum líkindum myndi auka neyslu þeirra í samfélaginu.

Refsiþyngd fyrir innflutning og sölu fíkniefna mætti einnig endurskoða. Dómar hafa þyngst verulega á síðustu árum og refsiramminn verið nýttur nær til fulls, sem er sjaldnast gert þegar um önnur alvarleg brot er að ræða. Fátt bendir til að hertar refsingar dragi úr þeim vanda sem fíkniefni valda í samfélaginu eins og fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós (Tham, 2012). Spurning er hvort ekki ætti að taka á innflutningi og sölu fíkniefna frekar sem auðgunarbroti – undanskoti frá skattskyldum tekjum – og miða refsímatið við brot af því tagi í stað þess að einblína á skaðsemi efnanna og almannahættu (Helgi

Gunnlaugsson, 2008). Draga myndi úr refsíþyngd samkvæmt lögum og dómstólar gætu byrjað að feta sig frá braut þungra refsinga fyrir fíkniefnabrot sem ríkt hefur á síðustu árum hér á landi.

Breytingar af þessu tagi kalla þó óhjákvæmilega á heildarendurskoðun stefnu í fíkniefnamálum á Íslandi. Tillaga til þingsályktunar kom fram á Alþingi fyrr á þessu ári þar sem ályktað var að fela ríkisstjórninni að innleiða nýja stefnu í fíkniefnamálum í anda skaðaminnkunar (Þingskjal 1214, 2012-2013). Meginmarkmiðið var að hverfa frá *glæpa-væðingu* og vinna gegn fíkniefnaneyslu á forsendum heilbrigðis- og félagslega kerfisins. Þarna kveður við nýjan tón frá Alþingi sem löngum hefur staðið vörð um ríkjandi stefnu í fíkniefnamálum og tiltölulega nýlega lögleitt bjór. Samkvæmt því sem fram kom hér að framan virðist þó ekki vera mikill stuðningur meðal almennings við sjónarmið af þessu tagi og tillagan fékkst ekki afgreidd á Alþingi. Grundvöllur lagabreytinga í þessum málaflokki eins og öðrum þarf helst að koma í kjölfar víðtækrar umræðu í samfélaginu og hvíla á nægilegum stuðningi borgaranna í lýðræðissamfélagi.

Í þessu samhengi má ekki gleyma að heilbrigðisvandi, sem fylgir ólöglegum fíkniefnum eins og kannabis, kókaíni eða heróíni er lítill í samanburði við þann vanda sem lögleg fíkniefni eins og tóbak og áfengi valda í Vestur-Evrópu. Dauðsföll, sem rakin eru til tóbaksnotkunar, hafa verið áætluð yfir 600 þúsund á ári í Bandaríkjunum en dánartalan vegna ólöglegra fíkniefna er mun lægri eða í kringum 25 þúsund (Goode, 2012). Stjórnvöld verða að vera samkvæm sjálfum sér og byggja stefnu sína á þverfaglegum rannsóknum sem taka mið af ólíkum áhrifaþáttum neyslunnar og þeirri reynslu sem fengist hefur af ríkjandi refsipólitík. Mikilvægast af öllu er þó að efla ábyrgðartilfinningu borgaranna fyrir lífi sínu og heilsu í samræmi við aðrar samfélagshugsjónir okkar um frelsi og réttindi einstaklingsins.

Heimildir

- Ashton, C. H. (2001). „Pharmacology and effects of cannabis: a brief review“. *British Journal of Psychiatry*, 178, 101-106.
- Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstj.) (2001). *Fíkniefni og forvarnir handbók fyrir heimili og skóla*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Ársrit SÁÁ (2010). *Ársrit SÁÁ 2007-2010*. Reykjavík: Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann.
- Birta Aradóttir (2013). *Hver er félagsleg staða sprautufikla á Íslandi? Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild*.
- Boekhout van Solinge, T. (1999). „Dutch Drug Policy in a European Context“. *Journal of Drug Issues*, 29(3), 511-528.
- Christie, N. og Bruun, K. (1996). *Den gode fiende. Ny og revidert utgave*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Curry, E. (1994). *Reckoning: Drugs, the Cities, and the American Future*. New York: Hill and Wang.
- Dichiara, A. og Galliher, J. F. (1994). „Dissonance and contradictions in the origins of marijuana decriminalization“. *Law and Society Review*, 28, 1, 41-78.
- Embætti landlæknis (2013). „Ólögleg vímuefni – viðhorf og neysla Íslendinga 18-67 ára“, *Talnbrunnur: Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar* 7(8), 1-2.
- EMCDDA (2013). Portugal: *Drug Related Information and Data*. Sótt 4. desember 2013 af: <http://www.emcdda.europa.eu/countries/portugal>

- Forsætisráðuneytið (1999). *Vímuefnamál*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sótt 30. september 2013 af http://www.forsaetisraduneyti.is/nordurlandaskrifstofa/Norraen_utgafa/nr/942
- Golub, A. og Johnson, B. D. (2002). „Substance use progression and hard drug use in innercity New York“, í D. B. Kandel (ritstjóri), *Stages and Pathways of Drug Involvement: Examining the Gateway Hypothesis* (bls. 90-112). New York: Cambridge University Press.
- Goode, E. (2012). *Drugs in American society* (8. útg.). New York: McGraw-Hill.
- Goode, E. og Yehuda, N. B. (1994). *Moral Panics: The Social Construction of Deviance*. Oxford: Blackwell.
- Goode, E. og Yehuda, N. B. (2009). *Moral Panics: The Social Construction of Deviance* (2. útg.). Chichester: Wiley-Blackwell.
- Greenwald, G. (2009). *Drug decriminalization in Portugal: Lessons for creating fair and successful drug policies*. Washington, DC: Cato Institute.
- Gunnlaugsson, H. (1998). „Narkotikabruk, attityder och kontrollpolitik í Island: En jämförelse med det övriga Norden“, *Nordisk alkohol- & narkotikatidskrift* 15(5,6), 278-287.
- Gunnlaugsson, H. (2011). „Criminal punishment in Iceland in the new millenium“, í H. Kury, og S. Shea (ritstj.), *Punitivity International Developments* (Þriðja bindi, bls. 43-60). Bochum: Universitetsforlag Dr. Brockmeyer.
- Gunnlaugsson, H. (2012). „An extreme case of life style regulation: Iceland's prohibition of beer 1915-1989“, í M. Hellman, G. Roos og J. V. Wright (ritstj.), *A Welfare Policy Patchwork: Negotiating the Public Good in Times of Transition* (bls. 259-276). Helsinki: Nordic Centre for Welfare and Social Issues (NVC).
- Gunnlaugsson, H. og Galliher, J. F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Gunnlaugsson, H. og Galliher, J. F. (2010). „Drug globalization: Eventual legalization of beer in Iceland and marihuana decriminalization in the USA“, *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention* 11(2), 119-134.
- Gunnlaugsson, H. og Þórisdóttir, R. (1999). „Iceland and the Nordic drug survey: Drug use, public attitudes and youth“, *Young: Nordic Journal of Youth Research* 7(1), 19-35.
- Hagstofa Íslands. (2013). *Lýkiltölur mannfjöldans 1703-2012*. Sótt 30. september 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2012+++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hakkarainen, P., Laursen, L. og Tigerstedt, C. (1996). *Discussing drugs and control policy: Comparative studies on four Nordic countries* (NAD Publication no. 31). Helsinki: Nordic Council for Alcohol and Drug Research (NAD).
- Hallam, C. (2010). *What Can We Learn From Sweden's Drug Policy Experience?* (Briefing Paper Twenty). Oxford: The Beckley Foundation Drug Policy Programme. Sótt 4. desember 2013 af http://www.beckleyfoundation.org/pdf/BriefingPaper_20.pdf.
- Helgi Gunnlaugsson (2000). *Afbrót og Íslendingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson (2008). *Afbrót á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hibell, B., Anderson, B., Bjarnason, Þ., Kokkevi, A., Morgan, M. og Narusk, A. (1997). *The 1995 ESPAD report: Alcohol and other drug use among students in 26 European countries*. Stockholm: Can.
- Hibell, B., Guttormsson, U., Ahlström, S., Balakireva, O., Bjarnason, Þ., Kokkevi, A. og Kraus, L. (2012). *Substance use among students in 36 European countries*. Stockholm: Can. Sótt 30. september af: http://espad.org/Uploads/ESPAD_reports/2011/The_2011_ESPAD_Report_FULL_2012_10_29.pdf
- Hughes, C. E. og Stevens, A. (2007). *The Effects of Decriminalization of Drug Use in Portugal*. (Briefing Paper Fourteen). Oxford: The Beckley Foundation Drug Policy Programme.
- Hugrún J. Halldórsdóttir (2013). „Um 80 prósent eru á móti lögleiðingu kannabisefna“ *Vísir.is*, 16. apríl. Sótt 30. september af: <http://www.visir.is/um-80-prosent-eru-a-moti-logleiðingu-kannabisefna/-article/2013130419077>

- Husak, D. (2002). *Legalize This! The case for decriminalizing drugs*. London: Verso.
- Jewkes, Y. (2011). *Media & Crime* (2. útg.). Los Angeles: Sage.
- Johns, A. (2001). „Psychiatric effects of cannabis“. *British Journal of Psychiatry*, 178, 116-122.
- Johnston, L. D. (1981). *Marijuana decriminalization: The impact on youth 1975-80*. Monitoring the Future. Occasional Paper Series, Paper 13.
- Jónas Orrí Jónasson, (2011). *Stefna stjórnvalda í vímuefnamálum Samanburður milli Hollands, Portúgal, Svíþjóðar og Íslands*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Kandel, D. B. (1993). „The Social Demography of Drug Use“, í R. Bayer og G. Oppenheimer (ritstj.), *Confronting Drug Policy* (bls. 24-77). Cambridge University Press.
- McBride, D. C., Terry-McElrath, Y., Harwood, H., Inciardi, J. A. og Leukefeld, C. (2009). „Reflections on drug policy“. *Journal of Drug Issues*, 39, 71-88.
- McCaffrey, B. (1997). *National Drug Control Strategy*. Washington, DC: Government Printing Office.
- Meier, R. F. og Geis, G. (1997). *Victimless Crime? Prostitution, drugs, homosexuality, abortion*. Los Angeles, California: Roxbury Publishing Company.
- Mendes, C. M. og McDonald, M. D. (2001). „Putting severity of punishment back in the deterrence package“. *Policy Studies Journal*, 29, 588-610.
- Morgunblaðið* (1979). „Fíkniefnavandamálið verður sífellt alvarlegra: Ungmenni láta lífið vegna fíkniefnaneyslu. 4000 ungmenni komið við sögu í fíkniefnamálum“, 14. desember.
- Ómar H. Kristmundsson. (1985). *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Partanen, J. og Metso, L. (1998). „Cannabis in Finland på 1990-talet. En jamförande analys av olika undersökningar“, *Nordisk alkohol- & narkotikatidskrift* 15(1), 34-49.
- Rauði kross Íslands, (2013). *Frú Ragnheiður – Skaðaminnkun*. Sótt 4. desember 2013 af: http://www.raudikrossinn.is/page/rki_reykjavikurdeild_fruagnheidur
- Ríkisendurskoðun, (2007). *Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna Stjórnvísuúttekt nóvember 2007*. Sótt 4. desember 2013 af: http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Fikniefnavarnir_2007.pdf
- Ríkislögreglustjórnin, (2012). *Afbrotatölfræði 2011*. Sótt 14. október 2013 af: http://www.logreglan.is/-upload/files/rls_afbrot11.html
- Schatz, E., Schiffer, K. og Kools, J. P. (2011). *The Dutch Treatment and Social Support System for Drug Users: Recent Developments and the Example of Amsterdam*. IDPC Briefing Paper. London: International Drug Policy Consortium.
- Smart, R. og G. Murray (1985). „Narcotic Drug Abuse in 152 Countries: Social and Economic Conditions as Predictors“, *International Journal of the Addictions* 20(5), 737-749.
- Sulkunen, P. (2009). *The Saturated Society Governing Risk and Lifestyles in Consumer Culture*. Los Angeles: Sage.
- Tham, H. (2012). „The influence of the drug issue on criminal policy“, *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention* 13(1), 12-30.
- Zilney, L. A. (2011). *Drugs Policy, Social Costs, Crime, and Justice*. Boston: Prentice Hall.
- Þingskjal 1214. (2012-2013). *Tillaga til þingsábyktunar. 141. Lögjafarþing 2012-2013-675. mál*. Sótt 4. desember 2013 af: <http://www.althingi.is/altext/141/s/1214.html>.
- 67 prósent fleiri teknir fyrir fíkniefnaakstur, (2013). *Mbl.is*. 9. nóvember. Sótt 4. desember 2013 af: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/09/11/67_prosent_fleiri_teknir_fyrir_fikniefnaakstur.